

Ávarp formanns SSNV á ársþingi SSNV 2016

Þingforseti –ágætu fundarmenn

Frá því á síðasta ársþingi hefur starf samtakanna einkennst af fjölbreyttum verkefnum enda hlutverk samtakanna ávallt að gæta hagsmuna svæðisins og efla samstarf innan landshlutans. Stjórn samtakanna hélt 11 bókaða fundi á starfsárinu og hefur samstarf innan stjórnar verið með ágætum.

Ég vil fyrst og fremst vísa til ársskýrslu SSNV hvað varðar starfsemi samtakanna árið 2015 en ræða hér á eftir um ýmis þau málefni sem efst eru á baugi.

Sóknaráætlun

Eitt stærsta verkefni samtakanna hefur verið Sóknaráætlunin sem hefur verið að mótast og skila okkur fram á við en samningur um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019 var undirritaður í febrúar 2015. Í maí 2015 hófst síðar undirbúningur að gerð Sóknaráætlunar landshlutans. Sveitarstjórnnum var falið að skipa fulltrúa í 32 manna samráðsvettvang. Þann 10. júní var haldinn fundur í Varmahlíð þar sem mættu alls um 60 einstaklingar af Norðurlandi vestra, þar á meðal fulltrúar í samráðsvettvangi. Þar var lagður grunnur að sóknaráætlun landshlutans. Þann 30. júní 2015 samþykkti stjórn SSNV svo Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019.

SSNV eins og önnur landshlutasamtök hafa gagnrýnt harðlega hversu litlum fjármunum er varið til verkefnisins. Væntingar eru þó gefnar um meira fjármagni samkvæmt ríkisfjármálaáætlun. Við erum einnig langt frá því að vera sáttt við þá aðferðafræði sem ráðuneytið hefur beitt við skiptingu fjármuna innbyrðis á milli landshluta og bent í því sambandi á stöðu okkar í byggðarlegu tilliti.

Jákvætt var þó að 10 mkr. fjármagn kom til stofnunar Nýsköpunarsjóðs Norðurlands vestra að tillögu Norðvesturnefndar. Ákveðið var af stjórn samtakanna að þessum fjármunum verði varið til verkefna fyrir ungt fólk. Verða þessi fjármunir auglýstir til umsóknar nú á næstu vikum samhliða því að Uppbyggingarsjóður Sóknaráætlunar auglýsir sína árlegu úthlutun.

Á haustdögum 2015 var styrkjum til fjölmargra áhugaverðra verkefna á sviði menningar, atvinnuþróunar og nýsköpunar úthlutað, alls um 70 mkr.

Mikill tími starfsmanna samtakanna hefur farið í undirbúning og framkvæmd sóknaráætlunar og er óhætt að segja að vel hafi tekist til með framkvæmd þessa verkefnis.

Norðvesturnefnd

Norðvesturnefndin vann um margt ágætt starf og hafa niðurstöður þeirrar vinnu verið að skila sér í nýjum verkefnum og störfum. Hér má hinsvegar ekki staldra við og berjast verður fyrir því að viðhalda fjárveitingum til þessara verkefna. Leita þarf áfram leiða til að fjölga opinberum verkefnum í landshlutanum. Ekki síst þarf að horfa til Húnavatnssýslanna sem standa veikt.

Stuðningur við ferðaþjónustuna

Tekin var ákvörðun um að halda áfram sérstökum stuðningi við ferðamálafélögin í landshlutanum með kostun á starfi sérstaks starfsmanns. Á sviði ferðaþjónustu eru tækifærin mýmörg og enginn vafi að þróun landshlutans mun ráðast m.a. af því hvernig tekst til með uppbyggingu þeirra atvinnugreinar.

Markaðsáttak

Á þessu ári hefur verið hafist handa við markaðsáttak fyrir Norðurland vestra en tvö undanfarin ár hefur ársþing samtakanna samþykkt ákveðna fjármuni til þess verkefnis. Nýr starfsmaður var ráðinn til að sinna því verkefni, auk þess að vinna að kynningu og markaðsetningu minni og meðalstórra fyrirtækja á svæðinu. Samhliða því hefur hann unnið að kortlagningu á því hvar sé rétt að bera niður í kynningarmálum landshlutans.

Innviðakort - íbúakönnun - svæðisskipulag

Stjórn samtakanna ákvað að gert yrði innviðakort í samgöngumálum fyrir Norðurland vestra. Á kortinu verða allir vegir í landshlutanum merktir eftir breidd og yfirborði, brýr (einbreiðar merktar sérstaklega) einnig ljósleiðaralagnir og flugvellir. Markmiðið með þessu korti er að geta áttað sig myndrænt á stöðu samgöngumála en ekki síður til að kynna stjórnvöldum og þingmönnum stöðu mála.

Samþykkt var að framkvæma íbúakönnun á starfssvæði samtakanna þar sem spurt var um ýmsa búsetuþætti á svæðinu. Einnig var spurt um viðhorf til iðnaðaruppbyggingar við Hafursstaði. Verið er að vinna úr svörum við könnunni og verða niðurstöður hennar kynntar fljótlega.

Margt bendir til að skynsamlegt geti verið að skoða hvort rétt sé að vinna að sameiginlegu svæðisskipulagi sem gæti orðið eitt af áhersluverkefnum landshlutans í tengslum við samning um sóknaráætlun. Markmiðið með verkefninu yrði að vinna skipulagsáætlun sem tekur til allra sveitarfélaga á Norðurlandi vestra sem landfræðilegrar, hagrænnar og félagslegrar heildar. Í svæðisskipulagi er sett fram stefna viðkomandi sveitarfélaga um sameiginlega hagsmuni, s.s. byggðaðróun, samgöngur, náttúru, menningu, auðlindir og þjónustu, svo eitthvað sé nefnt.“

Stefnt er að kynningarfundum fyrir sveitarstjórnarmenn á svæðinu á næstunni þar sem m.a. kostir og gallar sameiginlegs svæðisskipulags yrði kynntir.

Almenningssamgöngur

Almenningssamgöngur er eitt að verkefnum okkar sem um margt hefur gengið vel en gera þarf enn betur í. Þannig þurfa stjórnvöld að standa við samninga sína gagnvart sveitarfélögunum. Þar hefur ýmislegt vantað upp á, m.a. hafa fyrirtæki keyrt ofan í leiðir sem lagt var upp með að yrðu varðar einkaleyfi. Allt hefur þetta orðið til að gera reksturinn þyngri og valdið taprekstri á ákveðnum landssvæðum. Það er gott til þess að vita að ánægja hefur verið með þjónustu Strætó sem séð hefur um aksturinn. Sem betur fer hefur sá hluti rekstursins sem er á okkar ábyrgð gengið þokkalega en ekkert má hinsvegar bera útaf í þeim málum. Markmið okkar hlýtur að

vera að tryggja enn frekar grundvöllinn þannig að við getum aukið þjónustuna og boðið upp á fleiri leiðir.

Iðnaðaruppbygging

Eins og flestir þekkja hefur vinna við leit að iðnaðarkostum við Hafursstaði verið í gangi. Viðræður við orkusala hafa því miður ekki enn skilað árangri. Ljóst er að orkuaðgangur er mjög takmarkaður og er í raun svo komið að víða glíma menn við orkuskort og vandamál við dreifingu hennar.

Áform Landsvirkjunar um frekari virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar hafa skapað tækifæri til þess að gera kröfur um forgang að þeirri orku sem þar verður til eða sambærilegu magni orku, þ.e. finnist orkukaupendur sem horfa vilja til iðnaðaruppbyggingar á Norðurlandi vestra.

Samgöngumál

Samgöngu- og fjarskiptmál brenna mjög á okkur. Áfangar hafa að undanfögnu náðst í fjarskiptamálum með lagningu ljósleiðara um landshlutann. Samgöngumálin eru aftur á móti mikil vonbrigði þótt eitt og eitt framfaraskref hafi verið stigið. Sú samgönguáætlun sem nú liggur fyrir þinginu er þannig léttbær fyrir okkar svæði. Við verðum augljóslega að herða baráttu okkar til að tryggja aukna fjármuni til samgöngumála í landshlutanum. Athyglisvert er að enginn þingmanna kjördæmisins sat í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis á kjörtímabilinu sem nú er að ljúka.

Staða landshlutans

Byggðamálin og staða landshlutans hefur líklega aldrei verið mikilvægari í huga okkar. Hver er staðan og hvert stefnir? Viðvarandi fólksfækkun og breytingar á atvinnuháttum valda okkur öllum verulegum áhyggjum. Nú á dögumum birti og kynnti Framtíðarsetur Íslands greiningu sína á íbúapróun á Íslandi en sú vinna tengist undirbúningi að nýrri byggðaáætlun. Í greiningunni er dregin upp sú sviðsmynd, sem byggð er m.a. á spám um fjölgun ferðamanna, að á næstu 15 árum fjölgi landsmönnum um 118.000. Á Norðurlandi vestra er spáð að á sama tímabili fjölgi um 250 manns. Þetta er svört spá en kannski bara raunhæf ef ekkert verður að gert. Við getum líka spurt okkur hvernig aldurssamsetning í okkar landshluta verður rætist þessi sviðsmynd.

Hvernig á að bregðast við? Gjáin milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar hefur dýpkað en þar á ég við skilning eða réttara sagt skilningsleysi höfuðborgarsvæðisins og hluta þingheims í garð veikari byggða. Hver kannast ekki við setningar eins og „samkeppnin um fólk og fyrirtæki er á milli höfuðborgar og útlanda“, ekki innbyrðis á milli landshluta.

Þetta sama fólk sem tjáir sig með þessum hætti hefur um margt rétt fyrir sér. En eftir stendur að margar þjóðir sem eru í sambærilegri stöðu með byggðamálin vinna skipulega í því að jafna búsetuskilyrði.

Hingað til hefur ekki gengið vel að innleiða það verklag á Íslandi. Þrátt fyrir flutning opinberra starfa út á land hefur opinberum störfum fækkað á landsbyggðinni en veruleg fjölgun orðið á

SV horninu. Nægir í því sambandi að benda á niðurskurð í heilbrigðisþjónustu. Á sama tíma hafa hefðbundnar atvinnugreinar hopað, ekki síst landbúnaður og sjávarútvegur. Lítil pólitískur vilji hefur verið til þess að jafna búsetuskilyrði og tækifæri til stærri atvinnuuppbyggingar, svo sem með skattaívilnunum og öðrum ákvörðunum til að koma til móts við veikari landssvæði. Því miður hefur það líka verið svo að samkeppni og mismunandi sýn milli einstakra sveitarfélaga og landssvæða hefur dregið úr pólitískum þrýstingi á stjórnvöld í þessa veru.

Ég hef velt fyrir mér hvort rétt væri að við létum reyna á hvort næstu stjórnvöld eru tilbúin að fara út í tilraunaverkefni með okkar þar sem farin yrði sú leið að ívilna ungu fólki sem setjast vill að í landshlutanum, m.a. þegar kemur að endurgreiðslu námslána. Jafnframt yrði lögð veruleg áhersla á að koma upp stuðningskerfi fyrir ungt fólk sem vill hasla sér völl á landssvæðinu með fyrirtæki sín eða hugmyndir. Almenn yrði líka beitt hvatningu og ívilnunum til fyrirtækja sem vildu setja niður starfsemi sína í landshlutanum og á sama hátt yrði þeim fyrirtækjum sem hér starfa mætt með stuðningi, eins og flutningskostnaði og lækkun tryggingagjalds.

Þá yrðu almenningssamgöngur innan svæðisins eflar með sérstöku átaki sem auðveldaði alla vinnu- og skólasókn. Einnig yrði áhuga okkar að finna álitlegan iðnaðarkost mætt með öflugum stuðningi stjórnvalda og orkufyrirtækja.

Menntamálin fengu einnig sérstaka athygli og FNV yrði t.d. gert mögulegt að fjölga námsbrautum. Í ferðamálum verði gert átak þar sem í verki yrði staðið við þau orð að stuðla beri að frekari dreifingu ferðamanna. Á dögnum heyrði ég og sá viðtöl við fulltrúa allra framboða í kjördæminu. Þeir voru m.a. spurðir um afstöðu sína til þess að stuðla að frekari dreifingu ferðamanna. Allir kváðu já við þeirri spurningu. Við bíðum efdanna.

Viðhorf og tiltrú okkar sem byggjum landshlutann skipta líka öllu máli og við verðum sjálf að draga fram þá mörgu jákvæðu þætti sem hér er að finna. Hvort sem við horfum til atvinnulífs, þjónustu, menningar eða náttúru.

Ríkisvaldið, sveitarfélögin og atvinnulífið verða að koma ákveðið og samhent að þessari stöðu sem við okkur blasir ef að sú sviðsmynd sem áður var vitnað til á ekki að rætast.

Breyting á samþykktum

Góðir fundarmenn, á síðasta ársþingi var þeirri tillögu vísað til stjórnar að skoðað yrði hvort rétt væri að stofna fulltrúaráð. Hlutverk ráðsins yrði fyrst og fremst að vera stjórn SSNV til ráðgjafar í veigamiklum málum sem og að tryggja lýðræðislega aðkomu allra sveitarfélaga á starfssvæði samtakanna, auk þess að efla tengsl og upplýsinga gjöf á milli SSNV og aðildarsveitarfélaganna. Engan þarf að undra að slíkar hugmyndir og tillögur séu settar fram. Með auknum verkefnum landshlutasamtaka síðustu árin eykst krafan um aðgengi að ákvörðunum sem og upplýsingagjöf. Einnig er ekki óeðlilegt að minnihlutar í einstaka sveitarstjórnnum telji sig afskipta.

Stjórn SSNV hefur fjallað um þennan vanda. Stjórnin kynnti sér m.a. umræður í öðrum landshlutum og hvernig brugðist hefur verið við þessum viðhorfum.

Það er niðurstaða stjórnar SSNV að rétt sé að stíga það skref sem ég nefndi á síðasta þingi samtakanna að halda ársþing og haustþing þannig að kjörnir fulltrúar hittist tvisvar á ári. Hlutverk ársþingsins yrði að mestu óbreytt, nái þessi tillaga fram að ganga, en þó verði ekki samþykkt fjárhagsáætlun eða viðaukar við hana á þeim fundi sem haldinn verði að vori til. Haustþingið yrði samkvæmt tillögunni helsti umræðuvettvangur um málefni sveitarfélaganna og þar yrðu lagðar línurnar um starf og stefnu samtakanna. Þar yrði einnig samþykkt fjárhagsáætlun næsta árs.

Þessi tillaga um breytingar verður kynnt og rædd hér á eftir. Í þessu sambandi er einnig rétt að minna á að fundir samtakanna eru opnir öllu bæjarfulltrúum sem og helstu lykilstarfsmönnum sveitarfélaga.

Umræðan um aðgengi sveitarstjórna að starfi samtaka sem SSNV á að halda áfram. Við verðum öll að vera vakandi og opin fyrir því að á næstunni kunni að þurfa að gera fleiri breytingar á starfi samtakanna þannig að þau gegni hlutverki sínu sem best.

Ágætu þingfulltrúar og gestir

Ég vil hvetja okkur öll til samstöðu út á við sem inn á við þrátt fyrir mismunandi stærðir og áherslur sveitarfélaganna. Horfum til framtíðar, verum raunsæ en bjartsýn.

Í gömlu spakmæli segir: *Kveiktu á kerti fremur en að kvarta undan myrkrinu.* Þetta spakmæli held ég mikið upp á og reyni stundum að láta lýsa mér veginn. Mér finnst það lýsa afstöðu til lífsins sem vert er að hugleiða, m.a. í ljósi þeirra verkefna sem við stöndum öll frammi fyrir núna og í nánustu framtíð.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar þakka framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum samtakanna fyrir gott starf og samstarf. Að mínu mati höfum við á að skipa öflug og farsælu starfsfólki sem hefur lagt sig fram um að bæta samfélagið á Norðurlandi vestra.